

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um barnabætur.

Eftirfarandi svör eru unnin upp úr frumálagningarskrám Skattsins vegna tekjuársins á undan. Ártöl miðast þannig við álagningarár. Til einföldunar er miðað við fjölda foreldra sem fá greiddar barnabætur og er þeim síðan skipt eftir því hvort þeir eru einstæðir foreldrar, hjón eða samskattað sambúðarfólk. Hjón og samskattað sambúðarfólk teljast því sem tveir einstaklingar og einstæðir foreldrar sem einn einstaklingur. Skilgreining barnafjölskyldu miðast þannig við þessa skiptingu.

1. *Hve margar barnafjölskyldur nutu óskertra barnabóta á árunum 2013–2023, greint eftir árum?*

Alls nutu 9.927 foreldrar óskertra barnabóta árið 2023 en tíu árum áður nutu 10.596 foreldrar óskertra barnabóta. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjöldi þeirra sem naut óskertra barnabóta hefur þróast frá árinu 2013, greint eftir hjónum og sambúðarfólki annars vegar og einstæðum foreldrum hins vegar.

Ár	Hjón og sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Foreldrar alls
2013	6.663	3.933	10.596
2014	5.628	3.540	9.168
2015	4.561	3.100	7.661
2016	3.482	2.499	5.981
2017	3.369	2.410	5.779
2018	3.202	2.213	5.415
2019	5.209	3.034	8.243
2020	6.472	3.188	9.660
2021	7.762	3.553	11.315
2022	8.033	3.954	11.987
2023	6.953	2.974	9.927

2. *Hve margar barnafjölskyldur alls nutu barnabóta á árunum 2013–2023, greint eftir árum?*

Alls nutu 55.842 foreldrar barnabóta árið 2023 en tíu árum áður fengu alls 56.657 foreldrar greiddar barnabætur. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjöldi þeirra sem njóta barnabóta hefur þróast frá árinu 2013, greint eftir hjónum og sambúðarfólki annars vegar og einstæðum foreldrum hins vegar.

Ár	Hjón og sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Foreldrar alls
2013	44.918	11.739	56.657
2014	41.633	11.838	53.471
2015	36.658	11.690	48.348
2016	33.258	11.490	44.748
2017	32.132	11.320	43.452
2018	33.790	11.179	44.969
2019	35.619	11.006	46.625
2020	36.544	11.009	47.553
2021	38.074	11.017	49.091
2022	40.030	11.277	51.307
2023	44.134	11.708	55.842

3. *Hve margar barnafjölskyldur hefðu átt rétt á barnabótum ef engin skerðingarviðmið barnabóta væru tiltekin í lögum á árunum 2013–2023, greint eftir árum?*

Ef engin skerðingarviðmið barnabóta væru í lögum eftir því hversu miklar tekjur eða eignir foreldrar hefðu á milli handanna fengju allir foreldrar barna að 18 ára aldri barnabætur. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda foreldra, hjóna og sambúðarfólks annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar, sem eiga að minnsta kosti eitt barn undir 18 ára.

Ár	Hjón og sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Foreldrar alls
2013	68.070	13.001	81.071
2014	67.732	13.041	80.773
2015	67.420	13.052	80.472
2016	67.376	12.937	80.313
2017	66.584	12.754	79.338
2018	66.758	12.856	79.614
2019	67.648	12.766	80.414
2020	68.740	12.522	81.262
2021	70.264	12.568	82.832
2022	71.508	12.564	84.072
2023	73.136	12.785	85.921